

S A M Þ Y K K T

um

sýsluveginn Enghlíðingabraut.

6
23. jan.

1. gr.

Enghlíðingabraut nefnast í samþykkt þessari sýsluvegirnir nr. 3 og 4 í samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Austur-Húnavatnssýslu frá 1927.

Skal hún byrja við bryggjuveginn hjá kaupfjelogshúsunum og liggja um Vetrarklauf, sunnan Ennis, milli Hólmatvatns og Réttarvatns, út Efri-byggð norður fyrir Efri-Lækjardal með aukavegi þaðan að Laxárbrú. Af veginum norðan Lækjardalslæks liggja vegurinn austur á milli Mýrabæjanna, að Laxá hjá Skrapatungu, síðan fram Laxárdal, að austanverðu við ána, að Kirkjuskarði.

2. gr.

Breidd vegarins sé frá byrjun upp á Ennisás 3,15 metrar, en annarsstaðar sé vegurinn 2,50 metrar, með 0,65 metra útskotum, þar sem þurfa þykir.

3. gr.

Enghlíðingabraut skal gjöra vagnfæra svo fljótt sem hægt er að fá fé og menn til lagningar hennar.

4. gr.

Helming af kostnaði við vegagerð þessa, sem ekki fæst úr ríkissjóði greiði sýsluvegasjóður Austur-Húnavatnssýslu, þó sé hann ekki skyldur til að leggja fram meira árlega, en sem svarar árstekjum félagsins, skv. samþykkt þessari, að viðbættri jafnri upphæð úr hlutaðeigandi sveitarsjóðum.

Hinn helming kostnaðarinn skal greiða af notendum vegarinn, að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur úr viðkomandi sveitarsjóðum og skal honum jafnað niður á notendur vegarinn þannig:

- a. Hver sem á land eða jörð að veginum í Refsborgarsveit á Mýrum og allir jarðeigendur í Laxárdal, frá Skrapatungu að Kirkjuskarði, að báðum þeim bæjum meðtöldum, skulu árlega greiða 0,8% af virðingarverði lands síns eða jarðar, án húsa, en með jarðabótum.

Þó skal ekki greiða nema 0,4% af landverði jarðarinnar Ennis.

Rétt eiga landsdrottinn á að fá árlega 6% frá leiguliðum sínum, af því sem þeir hafa greitt af leigulandinu til vegarinn, þó

6
23. jan.

ekki fyrir en leiguliðar eru farnir að hafa veruleg not af vegagerðinni.

- b. Hver sem á skepnur, sem að jafnaði eru á jörðum þessum, skal greiða árlega 6 aura fyrir hverja sauðkind, 60 aura fyrir hvern nautgrip og 30 aura fyrir hvert hross.

Hreppstjórar skulu skyldir til að láta í té árlega, fyrir júnímánaðarlok, staðfestan útdrátt úr búnaðarskýrslum hreppanna, til notkunar við útreikning á gjaldinu.

- c. Hver húsráðandi á áðurnefndu svæði, nema íbúar Blönduósskaup­túns skal árlega vinna eitt dagsverk fyrir hvern verkfæran heimilisfastan karlmann á aldrinum 20—60 ára, eða greiða 5 krónur í vegasjóð og má stjórnin hækka eða lækka það gjald með samþykki aðalfundar.

Rétt á hver húseigandi á endurgreiðslu frá hlutaðeigendum.

- d. Frá Sneis og Vesturá séu tillög til vegarins helmingur móts við þá sem full tillög greiða.
- e. Frá Blöndubakka, Þakkakoti, Svagrund, Sölvabakka, Neðri-Lækjardal, Refsstöðum og Litla-Vatnsskarði séu tillög til vegarins þriðjungur móts við þá sem full tillög greiða.

Stjórn vegarfélagsins hefir heimild til þess, að hækka eða lækka tekjur a. og b. liða, hlutfallslega um allt að helmingi, með samþykki aðalfundar. Einnig hefir hún heimild til þess, að fresta framkvæmdum um eitt ár í senn ef aðalfundur samþykkir.

5. gr.

Gjalddagi á vegartillögum er 1. október ár hvert.

6. gr.

Byrja skal á byggingu vegarins frá bryggjuveginum við kaupfélagið og upp hjá Enni, samtímis skal lögð aukaálman frá Lækjardal að Laxárbrú. Sé síðan byrjað á veginum hjá Lækjardal og lagt upp að Laxá hjá Skrapatungu. Úr því skal stjórn vegarfélagsins kappkosta að koma kerrufærum vegi sem fyrst um vegarsvæðið.

7. gr.

Kröfurétt fyrir landsspjöll, önnur en á tünnum, hafa hlutaðeigendur ekki og ekki heldur fyrir haga handa hestum þeim, sem notaðir eru við vegarlagninguna.

8. gr.

Allir einstakir menn, sem gjalda til vegarins, eru til samans félag, sem nefnist Enghlíðingabrautarfélag. Skal það eiga með sér

aðalfund árlega síðla vetrar. Á fundi er samþykkt þessi verður samþykkt **6**
 til fullnustu, skal kosin 5 manna stjórn fyrir félagið og skulu þeir kosn- **23. jan.**
 ir til þriggja ára. Eftir 1 ár gengur einn maður úr stjórninni, eftir hlut-
 kesti, og kýs aðalfundur mann í hans stað. Eftir 2 ár ganga úr stjórninni,
 eftir hlutkesti, 2 þeirra, sem fyrst voru kosnir og kýs aðalfundur 2
 menn í þeirra stað. Eftir 3 ár ganga þeir 2 úr stjórninni, sem kosnir eru
 fyrst og kýs aðalfundur 2 menn í þeirra stað.

9. gr.

Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosnir 2 endurskoðendur,
 úrskurðaðir reikningar frá næsta ári á undan o. s. frv.

10. gr.

Stjórn félagsins annast allar framkvæmdir þess, svo sem að út-
 vega menn og annað, sem til þarf við vegargerðina, heimta saman tekj-
 ur vegarins, semja reikninga félagsins og rita þá og glögga frásögn
 um það, sem gerist á fundum þess og stjórnarinnar, í gjörðabók sem
 félagið skal eiga. Hún skal leggja reikninga félagsins fyrir sýslunefnd
 Austur-Húnavatnssýslu til samþykktar og úrskurðar.

11. gr.

Kostnað þann, sem leiðir af félagsskapnum, skal greiða af tekj-
 um þeim, sem nefndar eru í 4. gr., stafl. a., b. og c.

12. gr.

Heimilt er félagsstjórninni að taka lán til greiðslu á árlegum
 kostnaði við vegargerðina, að því leyti sem dráttur verður á innheimtu
 á tekjum félagsins. En lán til lengri tíma séu borin undir samþykki
 aðalfundar.

13. gr.

Brot gegn samþykkt þessari skal farið með sem almenn lögreglu-
 mál og varða sektum frá 5—200 kr., sem renna í vegarsjóð.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr.
 38, 28. nóv. 1919, staðfestist hérmeð og birtist til eftirbreytni öllum
 þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. janúar 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.